

Reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna

Úr lögum HK:

1. Aðalstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess á milli aðalfunda.
2. Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.
3. Aðalstjórn skal færa bókhald deilda samkvæmt reglugerðum ÍSÍ um bókhald deilda.
4. Deildir eru háðar eftirliti aðalfundar félagsins um starfsemi sína og fjármál og aðalstjórnar milli aðalfunda.
5. Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.
6. Leggja skal fjárhagsskuldbindingar s.s. leikmannasamninga og þjálfarasamninga deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.
7. Deildastjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar.
8. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög félagsins og landslög.
9. Hver deild skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar 5 virkum dögum fyrir aðalfund deildarinnar.
10. Stjórnir deilda ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.
11. Stjórn deildar samþykkir æfingagjöld deildar. Æfingagjöld skulu staðfest af aðalstjórn.
12. Aðalstjórn er heimilt að leggja fyrir stjórn deildar að skila uppgjöri ársfjórðungslega telji aðalstjórn ástæðu til.

Reglur aðalstjórnar:

13. Fjárhagsáætlun skal skila til aðalstjórnar til samþykktar eigi síðar en 5 vikum áður en æfinga- og/eða keppnistímabil deildar hefst. Áður en fjárhagsáætlun er skilað inn til aðalstjórnar skal framlagning hennar samþykkt af fjármálastjóra og framkvæmdastjóra.
14. Deild skal starfa innan samþykktar fjárhagsáætlunar.
15. Deildarstjórn er óheimilt að skuldbinda félagið, þ.m.t. skrifa undir samninga.
16. Framkvæmdastjóri hefur einn heimild til þess og mun skrifa undir slíka samninga séu þeir í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.
17. Ef forsendur breytast verulega frá samþykktri fjárhagsáætlun skal slíkt upplýst við framkvæmdastjóra án tafar, ásamt tillögum til úrbóta.
18. Aðalstjórn getur farið fram á mánaðarlegt uppgjör ef aðstæður krefjast þess.
19. Lántökur eru háðar samþykki deildarstjórnar sem ber slíka lántöku undir aðalstjórn.
20. Ef deildarstjórn tekur lán án heimildar aðalstjórnar eða á annan hátt skuldbindur félagið, ber félagið ekki ábyrgð á umræddri lántöku. Slík skuldbinding getur því fallið á viðkomandi stjórnarmenn persónulega.
21. Ávallt skal gætt að deild eigi fyrir skuldbindingum til næsta þriggja mánaða. Ef útlit er fyrir að það takist ekki skal láta framkvæmdastjóra vita án tafar. Ráðast skal án tafar í aðgerðir til að bregðast við þeim vanda, svo sem með niðurskurði og/eða öflun nýrra samstarfsaðila.
22. Ef deildarstjórn þarf að sækja lán til aðalstjórnar skal sækja um það á þar til gerðu eyðublaði. Þar skal koma skýrt fram ástæða fyrir láni, hvort deild geti sett greiðslur að veði og áætlun um endurgreiðslu.
23. Reikninga skal senda til fjármálastjóra til greiðslu.
24. Fjármálastjóri greiðir ekki reikninga nema með samþykki deildarstjórnar, nema reikningar séu innan samþykktar fjárhagsáætlunar deildar.

25. Allar pantanir s.s. inneignir hjá samstarfsaðilum og vörur í veitingasölu skulu fara í gegnum íþróttastjóra eða framkvæmdastjóra.

26. Deildastjórnnum ber að fylgja reglugerð ÍSí um fjárreiður, eins og við á.

Varðandi starfsemi yngri flokka félagsins:

Yngri flokkar HK taka þátt í ýmsum mótum, æfingum og öðru sem er utan við þá þjónustu sem felst í æfingagjöldum til viðkomandi deildar innan HK. Sem dæmi má nefna mót erlendis (t.d. Gothia Cup, Partille Cup, Helsinki Cup o.s.frv.) og mót innanlands (t.d. Orkumót, Pæjumót, Símamót o.s.frv.). Í tengslum við slíka viðburði fara iðkendur og aðstandendur þeirra gjarnan í ýmiskonar fjáröflunarvinnu til að standa straum af kostnaði. Slík vinna er alfarið á ábyrgð viðkomandi flokksráða en ekki á HK sem félagi. Á sínum tíma var tekin sú ákvörðun að stofna bankareikninga á kennitölu HK fyrir yngri flokka í fótbolta og handbolta. Var það eingöngu gert til að auðvelda yfirsýn fyrir flokksráðin hverju sinni. Bankaafstemmingar reikninganna eru framkvæmdar á skrifstofu HK og greitt er af þeim í samræmi við fyrirmæli flokksráða. Oft liggja formlegir reikningar á bakvið greiðslufyrirmæli, s.s. frá ferðaskrifstofum og mótshöldurum. Fylgiskjölum hefur þó ekki verið safnað með kerfisbundnum hætti af skrifstofunni enda ber skrifstofa HK ekki ábyrgð á rekstri flokkanna.

Varðandi meðferð á reiðufé:

Viðkomandi deildir (eða flokkar) bera ábyrgð á þeim viðburðum og fjáröflunum sem þær standa fyrir. Þannig ber t.d. knattspyrnudeildin ábyrgð á viðburðum á borð við herrakvöld og Krónumót. Viðkomandi deild, og/eða flokki, ber því að sjá til þess að tilfallandi reiðufé sé tryggilega varðveitt, talið og skilað til skrifstofu HK eigi að leggja það inn á bankareikning sem tilheyrir viðkomandi deild eða flokki. Ábyrgð skrifstofu HK felst eingöngu í því að endurtelja reiðuféð sem skilað er inn, flokka það í sérstaka peningapoka og koma til viðskiptabanka félagsins eins fljótt og auðið er.

Þannig samþykkt af aðalstjórn HK 11. ágúst 2025.